

10. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 64, 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m.

(Lagt fyrir Alþingi 1920).

1. gr.

Auk þóknunar þeirrar af landsfje, sem ræðir um í 1. gr. laga nr. 64, 14. nóv. 1917, um laun hreppstjóra og aukatekjur m. m., skulu hreppstjórar njóta samskonar launauppbótar sem embættis- og sýslunarmenn landsins samkvæmt 33. gr. launalaganna.

Uppbótin greiðist ásamt þóknuninni fyrir hvert umliðið fardagaár.

2. gr.

Hreppstjóra-laun um fardagaárið 1919—1920 skulu fyrir tímabilið frá 6. desember 1919 til loka fardagaársins reiknast samkvæmt ákvæðum 1. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Neðri deild síðasta Alþingis samþykki þingsályktun, þar sem skorað var á stjórnina að undirbúa og leggja fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga um bætur á launum hreppstjóra. Með lögum nr. 64, 14. nóv. 1917, voru laun hreppstjóra allmikið bætt frá því sem áður voru þau, sem og borgun fyrir einstakar

gerðir hækkaðar. Stjórninni þykir því ekki ástæða til gagngerðrar breytingar á ákvæðum þessara laga, en telur hins vegar rjett, að þessir starfsmenn rikisins, eins og aðrir, njóti nppbótar á hin fastákvæðu laun samkvæmt reglum launalaganna. Annars þykja greinar frumvarpaís ekki þurfa skýringa.